

Kjarni Kjarvals

Í dag eru liðin 120 ár frá fæðingu listmálarans Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Blaðamaður ræddi við Eirík Þorláksson sem ásamt Kristínu G. Guðnadóttur sér um sýningastjórn á sýningunni Essens en þar er fjallað um kjarnann í list Kjarvals.

Sýningin Essens fyllir út í allt sýningarrými Kjarvalsstaða og þar kennir ýmissa grasa. Sýningunni er ætlað að sýna hinn þjóðkunna listamann í örlítið nýju ljósi. Mörg verkanna eru í einkaeign og hafa jafnvel ekki komið fyrir sjónir almennings áður.

„Það er alltaf spurning hvernig á að velja verk í sýningu listamanna sem eru fallnir frá. Á einungis að sýna það sem allir eru sammála um að eru stórfenglegustu verkin eða á að sýna örlitla breidd? Við tókum þá ákvörðun að sýna verk sem kannski bregða upp öðru ljósi á vinnubrögð listamannsins og sýn hans á myndefnin frekar en að hafa bara það sem telst í hæsta gæðaflokki. Þarna eru verk sem fylla upp í heildarmyndina og sýna ákveðna nálgun í vinnubrögðum sem ekki hefði verið hægt að sýna öðruvísi. Svo eru myndir sem fyrir sitt tákngildi eiga að vera á svona sýningu. Eins og til dæmis eitt af síðustu verkunum sem hann málaði, sem sýnir tómt litaspjald. Það er kannski ekki besta listaverkið eftir hann en það hefur gífurlega mikið gildi sem tákn,“ segir Eiríkur Þorláksson sem til skamms tíma var forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.

Hann tók að sér sýningastjórnina að þessari þemasýningu á verkum Kjarvals ásamt Kristínu G. Guðnadóttur listfræðingi og forstöðumanni Listasafns ASÍ. Samanlagt hafa þau töluverða þekkingu á verkum meistarans.

„Já, við þekkjum Kjarval nokkuð vel þegar við leggjum saman í púkk. Þetta var mikið tilhlökkunarverkefni því við Kristín höfum bæði haft mjög mikinn áhuga á Kjarval mjög lengi. Það voru þrjú sýningarverkefni hér á Kjarvalsstöðum á árunum 1995, 1997 og 1999 þar sem farið var ákaflega vel yfir feril Kjarvals í tímaröð. Sú vinna öll var að miklu leyti undirstaðan og grunnurinn að þessari ágætu bók sem kemur út nú í tengslum við afmælið.“

Útgangspunkturinn

Yfirlitssýningarnar þrjár gáfu góða yfirsýn yfir heildarsvipinn á ævi-starfi Kjarvals og því ákváðu Eiríkur og Kristín að leggja áherslu á aðra hluti í Essens sýningunni. Nafnið er fengið frá Kjarval sjálfum.

„Hann setti þetta fram í blaði sem hann gaf sjálfur út 1925 og kallaði *Árdegisblað listamanna*. Það kom út í tveimur tölublöðum og þar setti hann fram hugleiðingar um sýn sína á lífið og listina. Sem var í aðalatriðum að það væri ákveðinn kjarni eða „essens“ í lífinu og listinni sem okkur öllum bæri að leita eftir og leggja okkur fram um að finna. Við Kristín tókum þetta sem útgangspunkt fyrir sýninguna.“

Það eru tveir megináhersluþættir í sýningunni, annars vegar er það landið og hins vegar lífið í landinu. Vestursalur Kjarvalsstaða er helgaður landslagsmyndum Kjarvals og urðu fjögur landsvæði fyrir valinu. Þingvellir og nágrenni sem hann byrjaði fyrst að mála upp úr 1929 og stundaði síðan meira og minna alveg til æviloka. Reykjavík og nánasta nágrenni voru viðfangsefni sem hann stundaði einnig á löngu tímabili en einkum þó á kreppuárunum því þá var hann of blankur til að fara mikið lengra. Á stríðsárunum sótti hann síðan mikið upp á sunnanvert Snæfellsnes í hrauninum í grennd við Hellnar með útsýni á jökulinn. En fjórða svæðið sem kemur fyrir í landslagsmyndum Kjarvals á þessari sýningu hefur fengið yfirskriftina „að austan“. Þar er að finna myndir af Suðurlandi sem kemur mörgum á óvart því Kjarval er ekki þekktur fyrir myndir af þeim landshluta. Einnig úr Skafta-



Eiríkur Þorláksson „Við vildum að fólk sæi hann ekki í allt of mikilli einangrun, þetta er maður sem var unglingur þegar menn fljúga fyrst vélknúnu farartæki og er enn á lífi þegar menn stíga sín fyrstu skref á tunglinu.“

Morgunblaðið/Kristinn

fellssýslunum þar sem hann fæddist og frá Austfjörðum sem hann málaði mikið heima-hagana í Borgarfirði eystri.

„Þarna þurftum við að velja sem þýðir það að við erum til dæmis ekki með neinar myndir sem hann gerði af Norðurlandi og við erum að sjálfsgöðu einungis með lítið brot af þeim myndum sem hann málaði af Þingvöllum. Því þær skiptu hundruðum.“

Tröll, álfar og bankastjórar

Í austursal Kjarvalsstaða er yfirskriftin Lífið í landinu.

„Þar erum við að leita meira eftir því sem hann sá í landinu, þar eru huliðsheimar álfafólks og ýmissa anda landsins. Þar má sjá hvernig hann las tröll og álfa inn í hraunmyndanir og annað þess háttar.“

Undir þessa yfirskrift falla einnig andlitsmyndir, línuspil og fantasíur.

„Fyrstu portrettin sem hann gerði svo tekið var eftir voru myndir af bankastjórum Landsbanka Íslands og við erum með tvær af þeim myndum. En eftir því sem frá leið má sjá að hann lagði sífellt meiri áherslu á að fanga karakterinn frekar en að einblína á útlit manna. Fólk er eigi að síður þekktanlegt á myndunum og það er alls ekki gert að hreinum skrípamyndum heldur er það karakterinn sem skín í gegn.“

Í litlum hliðarsal er lítil hluti sýningarinnar

sem fellur ekki undir þemun tvö og er alveg sjálfstæður. Þar eru teikningar, skissur og svo nokkur bréf og gögn sem Kjarval sendi íslensku fánanefndinni 1914 með tillögum að íslenskum þjóðfána og eru þær tillögur töluvert frábrugðnar því sem við fengum á endanum. Þar eru einnig forvitnilegir gripir úr dánarbúi meistarans, útkrotaðir sigarrettupakkar frá New Bond Street í London og skissublokkir sem sýna drög og hugmyndir í fæðingu sem síðar urðu að frægum verkum. Í miðryminu á milli stóru sýningarsalanna er að finna röð af verkum Kjarvals sem hafa verið sett í tímaröð og með hverri mynd eru bæði dæmi um það sem var að gerast í mannkynsögunni og eins listasögunni á hverjum tíma. Þetta er gert til að sýna sýningargestum Kjarval í samhengi við sinn samtíma. Árið sem hann fæðist 1885 er til dæmis Landsbanki Íslands stofnaður og Van Gogh málarmyndina *Kartöfluæturnar* og 1913 kemst Kjarval inn í málara-deild Konunglegu listaakademíunnar í Kaupmannahöfn, það sama ár leikur Charlie Chaplin í sinni fyrstu kvikmynd.

„Við vildum að fólk sæi hann ekki í allt of mikilli einangrun, þetta er maður sem var unglingur þegar menn fljúga fyrst vélknúnu farartæki og er enn á lífi þegar menn stíga sín fyrstu skref á tunglinu. Hann var fimmtán ára þegar fyrsta listsýningin var haldin á Íslandi árið 1900 og er enn á lífi þegar SÚM gallerið var stofnað 1969. Ferill hans spannar meirihluta tuttugustu aldarinnar.“

Listin gerir kröfur

„Með þessari sýningu erum við kannski öðru fremur að kynna list þessa mikla listmálara fyrir nýrri kynslóð sem hefur kannski ekki alist upp með öllum þjóðsögnum af sérviskulegum kalli með hattkúf. Enda skipta þær ekki máli, það sem á að skipta máli og fólk þarf að læra að meta er sjálf listin og hvernig hún á erindi í dag og alla tíð.“

Á sýningunni er víða að finna tilvitnanir í Kjarval letráðar á veggina, sú tilvitnun sem sýningin er að miklu leyti unnin út frá er tekin úr *Árdegisblaði* listamanna: „Fram til listarandans ber þú óskir þínar – ef þú vinnur vel, muntu fá svar. Annars verður þú að leita að réttum spurningum.“ Eiríkur segir að þarna sé að finna kjarnann. „Þarna er meistarinn að benda á að listin gerir kröfur til fólks.“

Essens stendur til 19. mars og gefur það landsmönnum rúman tíma til að skipuleggja ferð á Kjarvalsstaði til að kíkja á kjarna Kjarvals.

Höfundur er blaðamaður.

Halló listaverk!

Þú getur:

sótt upplýsingar um 20 listaverk með því að hringja í símanúmer þeirra

látið skoðun þína í ljós með því að senda SMS-skilaboð í síma 867 2025

sótt myndir af 20 listaverkum í símann þinn á listasafn.is / WAP

lesið um upplifun annarra á www.listasafn.is

gerst SMS-áskrifandi að tilkynningum um viðburði í safninu með því að senda nafn og GSM-númer á netfangið mennt@listasafn.is

Íslensk myndlist 1945–1960

Frá abstrakt til raunsæis

3. september – 30. október 2005

 LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

 norden